

Fundur Skólaráðs 22. maí 2014 kl. 15:30.

Fundur settur kl. 15:30 í rauða fundarherbergi.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir:

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri,

Helga Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara

Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra og, Óskar Kristján varafulltrúi foreldra v/Péturs

Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs og Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda

Forföll boðaði:

Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins

Dagskrá fundar:

- **Vinnustaðargreining – úrbótaáætlun**

JM kynnti með PP niðurstöður á síðustu könnun sem ekki kom nógu vel út og umbótaráætlun sem gerð var í kjölfarið. Gagnrýni kom fram á það að ef starfsmenn haki við miðju möguleikann „hvorki né“ að þá er í raun fólk að segja að aðgerða sé þörf því sú spurning gefur 3 stig og allar spurningar undir 3,3 lenda á aðgerðarbili.

- **Niðurstöður nemendakönnunar**

- Farið yfir heildarniðurstöður en könnunin í heild send á meðlimi ráðsins.

- **Niðurstöður foreldrakönnunar**

Farið yfir heildarniðurstöður en könnunin í heild send á meðlimi ráðsins.

- **Kynning á nýju fyrirkomulagi starfsáætlunar**

Nýtt form á starfsáætlun upp á 116 bls. hefur verið gert og kynnt í fræðslunefnd þó svo að um drög sé enn að ræða og með fyrirvara um samþykki skólaráðs.

JM kynnti sérstaklega ný endurskrifaðan kafla um skólabrag og skólareglur. Skólaráð samþykkir skólareglur með þeim fyrirvara að regla nr. 1 færist neðar.

- **Útibú við Höfðaberg – kynning**

Verið að ganga frá ráðningamálum og 4 vinnuhópar í gangi (innra starf, nýbygging, skólalóð og öryggismál).

Fundur með foreldrum var haldinn og helsta umkvörtun var að skólastarf ætti ekki að hefjast fyrr en kl. 8:30 og að foreldrar þurfi að kaupa gæslu frá 7:30/8:00 og til 8:30.

Öryggismál hafa verið rædd og er hugmyndir um þrengingu á móts við nýja skólann.

- Val í 8.bekk 2014 – 2015

8.bekkur á næsta ári mun í fyrsta skipti í samræmi við nýja Aðalnámskrá velja sér frjálst 2 kestr á viku og einnig 4 kestr í bundnu vali í list- og verkgreinum þar sem þau velja sér fyrirfram 3 námsgreinar og eru 12 vikur í hverju fagi.

- Skólalóð Lágafellsskóla, kynning á endurbótum

Kynnti nýtt plan af skólalóðinni.

- Önnur mál

Elísabet kom með þá fyrirspurn hvernig við getum fengið foreldra til að minnka keyrslu barna í skólann? Þetta þyrfti að vera samvinnuverkefni foreldra og skóla.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari
Ásta Steina